

Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar

Apríl 2018

EFNISYFIRLIT

Umhverfis- og auðlindastefna	3
1. Auðlindir, náttúra og menningarminjar	4
2. Mengunarvarnir og umhverfisvöktun	5
3. Neysla og úrgangur	6
4. Samgöngur og skipulag	7
5. Umhverfisfræðsla	8
6. Útivist og heilbrigður lífsstíll	9
7. Ítarefni sem hægt er að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar	10

UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNA

Markmið umhverfis- og auðlindastefnunnar er að tryggja öllum íbúum Hafnarfjarðar heilnæmt og öruggt umhverfi til lífs, leiks og starfs og skal taka tillit til hennar í allri starfsemi sveitarfélagsins. Hafnarfjarðarbær skal leitast við að vera í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og myndunar úrgangs.

Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu og verndun náttúru, auðlinda og menningarminja. Mengun sé í lágmarki og umhverfisvöktun sé virk. Hafnarfjarðarbær dragi verulega úr myndun úrgangs með ábyrgum innkaupum, neyslu og aukinni endurvinnslu. Almenningssamgöngur verði eflar og hlutur hjólandi og gangandi bættur. Umhverfisfræðsla verði til fyrirmyndar og aðgengi að upplýsingum verði handhægt og þær auðnýttar. Einnig verði stefnt að góðu og jöfnu aðgengi fyrir alla hópa samfélagsins til útiveru og útivistar.

Umhverfismál þarf að taka föstum tókum og með þessari stefnu leitast Hafnarfjörður við það að setja sér metnaðarfull markmið auk þess að hvetja íbúa til að gera hið sama.

Höfundar skýrslunnar eru:

Helga Björg Arnardóttir
Kristinn Andersen
Davíð Arnar Stefánsson
Berglind Guðmundsdóttir
Páll V. Kolka
Vala Jónsdóttir
Vigfús Hallgrímsson

1. AUÐLINDIR, NÁTTÚRA OG MENNINGARMINJAR

Stefnt er að því að Hafnarfjarðarbær verði í fararbroddi sveitarfélaga á Íslandi við verndun náttúrunnar, auðlinda og menningarminja. Sveitarfélagið skal hafa það að leiðarljósi að standa vörð um gæði náttúrunnar og styðja eins og kostur er við fullnægjandi rannsóknir og upplýsingar um ákvarðanir sem hafa áhrif á hana. Hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun skal höfð að leiðarljósi við skipulag, framkvæmdir og starfsemi í bæjarlandinu.

Áherslur og markmið

- 1.1. Við nýtingu auðlinda skal leitast við að lágmarka óafturkræfar breytingar á náttúru og umhverfi.
- 1.2. Leitast skal við að lágmarka sóun náttúruauðlinda og nýta þær með sjálfbærum hætti.
- 1.3. Náttúra, auðlindir og menningarminjar skulu vaktaðar með skipulögðum hætti og upplýsingar um þær gerðar sem sýnilegastar.
- 1.4. Í samstarfi við vísindafólk og háskóla skal sveitarfélagið stuðla að rannsóknum á náttúrufari í landi bæjarins.
- 1.5. Stuðlað verði að frekari verndun náttúrunnar í landi bæjarins með friðun landsvæða og hverfisvernd þar sem við á.
- 1.6. Spornað verði við ágangi ágengra tegunda í lífríkinu til verndar vistkerfum og menningarminjum.
- 1.7. Við nýtingu auðlinda skal stefnt að því að tækifæri fólks til að njóta náttúru og umhverfis skerðist sem minnst.
- 1.8. Verndun og endurheimt vistkerfa skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og landnýtingu í bæjarlandinu.
- 1.9. Þegar um sameiginlega nýtingu auðlinda með öðrum er að ræða skal horfa til hags og lífsgæða í Hafnarfirði þegar ákvarðanir eru teknar í samráði við aðra.

2. MENGUNARVARNIR OG UMHVERFISVÖKTUN

Kappkostað verður að koma í veg fyrir hvers kyns mengun og draga úr henni eins og kostur er. Fylgst verður reglubundið með loftgæðum, mengun sjávar við strendur, í lækjum, vötnum og grunnvatni, svo og gróðri og jarðvegi. Hljóðmælingar verða gerðar við stórar umferðaræðar og þar sem tilefni er til. Niðurstöður umhverfisvöktunar verða birtar eins fljótt og auðið er með aðgengilegum hætti.

Bæjarfélagið beitir sér með virkum hætti fyrir því að fyrirtæki í Hafnarfirði viðhafi virka umhverfisstjórnun og beiti bestu tækni við mengunarvarnir.

Áherslur og markmið

- 2.1. Sveitarfélagið Hafnarfjörður stefnir að því að verða kolefnishlutlaust 2020. Jafnframt hvetur sveitarfélagið atvinnulífið í bænum til að gera slíkt hið sama.
- 2.2. Sveitarfélagið Hafnarfjörður stefnir að því að minnka notkun nagladekkja á bílkosti sveitarfélagsins til að draga úr svifryks- og hljóðmengun og lengja endingu slitlags. Jafnframt hvetur sveitarfélagið atvinnulíf og íbúa til að gera slíkt hið sama.
- 2.3. Til að mæta aukinni vatnspörf og auka öryggi í vatnsöflun mun sveitarfélagið Hafnarfjörður hefja áætlun um nýtt vatnsból. Jafnframt hefur sveitarfélagið það að markmiði að draga úr og koma í veg fyrir vatnssóun.
- 2.4. Komi til mengunar skal vera fyrir hendi öryggisteymi lykilaðila og virkar viðbragðsáætlanir. Þær skulu uppfærðar og gerðar sýnilegar eftir því sem tilefni gefast til.
- 2.5. Minnka þarf hljóðmengun og huga að auknum kyrrðargæðum í Hafnarfirði.
- 2.6. Minnka þarf ljósmengun og huga að auknum myrkurgæðum í Hafnarfirði.
- 2.7. Skilgreina þarf áherslur og markmið um umhverfisvöktun í sveitarfélaginu, s.s. við heilnæmi grænmetis og berja, vatns og jarðvegs við baðstaði, loftgæði og hljóðmengun.
- 2.8. Menguð svæði í landi Hafnarfjarðar verði kortlögð og upplýsingar um þau gerðar aðgengilegar íbúum eftir því sem við á.
- 2.9. Vöktunarpplýsingar í landi Hafnarfjarðar verði reglulega uppfærðar og gerðar aðgengilegar.

3. NEYSLA OG ÚRGANGUR

Stefna skal að því að draga úr myndun úrgangs og hvatt verður til aukinnar flokkunar á úrgangi og endurnýtingar. Verulega skal dregið úr notkun á plasti, s.s. einnota borðbúnaði, plastpokum og einnota plastilátum. -Innkaup sveitarfélagsins og undirverktaka þess verði umhverfisvæn. Stefnt verði einnig að því að draga úr matarsóun. Sveitarfélagið einsetur sér að þjónusta íbúa og fyrirtæki með skilvirkri sorphirðu sem stuðlar að bættri hráefnisnýtingu.

Áherslur og markmið

- 3.1. Sveitarfélagið setur sér það markmið að verða í fararbroddi í meðferð og meðhöndlun úrgangs.
- 3.2. Unnið skal að því að hlutfall óflokkaðs sorps til urðunar verði minnkað og árangur verði gerður sýnilegur.
- 3.3. Sveitarfélagið skal setja inn í skipulagsskilmála kröfur um frekari flokkun úrgangs. Flokkunartunnur verða settar á valda staði utandyra sem og í allar stofnanir.
- 3.4. Unnið skal gegn matarsóun hjá stofnunum, fyrirtækjum og heimilum bæjarins. Hafnarfjörður hefji mælingar á matarsóun innan stofnana sinna.
- 3.5. Við innkaup á vöru og þjónustu skal taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Velja skal umhverfisvottaðar vörur og þjónustu sé þess kostur.
- 3.6. Íbúar og fyrirtæki skulu hvött til að minnka notkun plastpoka og annarra einnota umbúða. Stefnt verður að því að Hafnarfjörður verði plastpokalaus bær fyrir 2020.
- 3.7. Hafnarfjörður hvetji til þess að tilfallandi efnum og úrgangi frá uppbyggingu og nýbyggingu verði haldið í lágmarki. Jarðvegsflokkun skal aukin og efni sem falla til við jarðrask verði endurnýtt í grennd við byggingarsvæðið þar sem því verður við komið. Stefnt verði að því að endurnýting og endurnotkun jarðvegs verði ekki minni en 70%. Sveitarfélagið leiti leiða til að styðja við endurvinnslu lífræns úrgangs við heimili, fyrirtæki og stofnanir bæjarins.
- 3.8. Stofnanir bæjarins sem og bæjarbúar verði hvattir til þess að huga að verðmæti hluta og verðmæta sem eru í úrgangi. Hvatt sé til þess að leitast við að nýta hluti betur og lengja endingu þeirra.

4. SAMGÖNGUR OG SKIPULAG

Í samgöngum er stefnt að því að auka hlut gangandi, hjólandi og notenda almenningsgangna og tekið verði mið af því við gerð aðalskipulags, deiliskipulaga og samgöngumannvirkja. Við skipulag bæjarins verði áhersla lögð á útivistar- og dvalarsvæði. Gerðar verði í auknum mæli kröfur um séruppdrætti að lóðum við fjölbýlishús og opinberar byggingar.

Áherslur og markmið

- 4.1. Skipulag og rekstur samgöngumannvirkja miðist við að allir bæjarbúar eigi kost á að komast leiðar sinnar með öruggum og vistvænum hætti.
- 4.2. Við skipulag og gerð hjóla- og göngustíga verði öryggi, greiðfærni og upplifun notenda höfð að leiðarljósi.
- 4.3. Við skipulag byggðar verði horft til þess að hún sé þróuð inn á við og þétt, ekki síður en að víkka enn frekar út til óbyggðra svæða.
- 4.4. Í auknum mæli verði byggð blönduð þar sem íbúðarhúsnæði, þjónusta og atvinnustarfsemi fara saman í samræmi og sátt hvert við annað.
- 4.5. Hugað verði að kolefnisspori byggingarefna, umhverfisvænu og endurnýttu efnisvali, sjálfbæru skipulagi þéttbýlis og sjálfbærni og vistvænni hugsun í allri hönnun í ferli skipulags.
- 4.6. Hvatt verði til og stutt við byggingu vistvænna mannvirkja, samanber leiðbeiningar Vistbyggðaráðs og alþjóðlegra staðla.
- 4.7. Unnið verði markvisst að fegrun bæjarins.
- 4.8. Í skipulagi verði gætt að góðri hljóðvist og að loftgæði verði sem best á hverjum stað.
- 4.9. Fyrirtæki verði hvött til gerðar samgöngusamninga og Hafnarfjarðarbær gangi þar á undan með góðu eftirdæmi.
- 4.10. Hvatt verði til uppbyggingar aðstöðu hvarvetna í bænum, sem styður vistvænar samgöngur, s.s. rafhleðslubúnaðar og reiðhjóláðstöðu.

5. UMHVERFISFRÆÐSLA

Aðgengi bæjarbúa að upplýsingum um umhverfismál, í nærumhverfi sínu og landi bæjarins, skal vera til fyrirmyndar. Sérstök áhersla verði á að styðja við leik- og grunnskólastarf með viðeigandi innviðum og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna.

Áherslur og markmið

- 5.1. Skýrar upplýsingar um sorphirðu og flokkun verði á heimasíðu bæjarins.
- 5.2. Starfsmenn bæjarins fái fræðslu í umhverfismálum og hvernig vinna megi að því að ná markmiðum bæjarins í að draga úr loftmengun, bæta flokkun sorps og minnka matarsóun.
- 5.3. Fræðsla um gildi náttúrunnar og menningarverðmæta í landi bæjarins verði augin til muna með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi náttúruverndar.
- 5.4. Úti-/grenndarkennsla verði raunhæfur möguleiki fyrir alla skóla með aðgengi að stöðum og upplýsingum um náttúru og samfélag í öllum skólahverfum í Hafnarfirði, t.d. fyrir stöðvavinnu af ýmsum toga.
- 5.5. Góð aðstaða sé í skólum til fullnægjandi flokkunar á sorpi og endurvinnslu út frá metnaðarfullum sjónarmiðum umhverfisverndar.
- 5.6. Útbúið verði fræðsluefni um náttúru Hafnarfjarðar sem nýtist kennurum í kennslu um náttúru og umhverfisvernd fyrir börn á ólíkum aldri.

6. ÚTIVIST OG HEILBRIGÐUR LÍFSSTÍLL

Tryggja skal gott aðgengi allra bæjarbúa að útivistarsvæðum, innan bæjarmarkanna sem utan þeirra, og íbúar hvattir til útivistar allt árið. Þá skal Hafnarfjarðarbær stuðla að uppbyggingu áningarstaða og gönguleiða í bæjarlandinu og greiða aðgengi að útivistarsvæðum fyrir gangandi, hjólandi og akandi í samræmi við aðalskipulag og samgöngustefnu bæjarins.

Áherslur og markmið

- 6.1. Ráðist verði í stefnumótun og aðgerðaáætlun fyrir útivistarsvæði í bæjarlandinu, þau byggð upp og þeim viðhaldið í samræmi við áætlun.
- 6.2. Mótað verði verklag um gerð gönguleiða og áningarstaða sem taka sérstaklega mið af náttúruvernd við hönnun og framkvæmdir.
- 6.3. Lýsing verði bætt við göngustíga og útivistarsvæði innan bæjarmarkanna í þeim tilgangi að bæta aðgengi og auka öryggi íbúa.
- 6.4. Leik-, æfinga- og dvalarsvæði innan bæjarmarkanna hafi fjölbætt notagildi og skal hvatt til notkunar þeirra.
- 6.5. Sveitarfélagið skal stuðla að fræðslu um náttúrufar, mannlíf og náttúruvernd við útivistarsvæði.
- 6.6. Sveitarfélagið stuðli að fræðslu um gildi útivistar og hreyfingar í samræmi við lýðheilsustefnu sveitarfélagsins.
- 6.7. Stuðlað verði að gróður- og trjárækt í bæjarlandinu, innan bæjarmarkanna sem utan þeirra, og mótað um það verklag og áætlun.
- 6.8. Stuðlað verði að líffræðilegum fjölbreytileika náttúruminja við útivistarsvæði og ráðist í endurheimt vistkerfa þar sem því verður við komið.
- 6.9. Sveitarfélagið fari á undan með góðu fordæmi og beiti vistvænum aðferðum við meðhöndlun skordýra og illgresis í bæjarlandinu.
- 6.10. Almenningsgangnakerfi, göngu- og hjólaleiðir tengist helstu útivistarsvæðum í bæjarlandinu.
- 6.11. Íbúar verði hvattir til að nýta sér fjölbreytta útivistarmöguleika í bæjarlandinu árið um kring.
- 6.12. Mótuað verði stefna um útivist og ferðaþjónustu í landi Hafnarfjarðar með verndun náttúrunnar að leiðarljósi.

7. ÍTAREFNI SEM HÆGT ER AÐ NÁLGAST Á HEIMASÍÐU HAFNARFJARÐARBÆJAR

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 ásamt greinargerð

Aðalskipulag Krýsuvíkur 2013-2025 ásamt greinargerð

Greinargerð um neysluvatnsauðlindir Hafnarfjarðar 2011

Greinargerð um orkuauðlindir Hafnarfjarðar 2011

Greinargerð um efnisnámur í Hafnarfirði 2011

Greinargerð um grunnvatnsauðlind Hafnarfjarðar 2011

Jarðhitaréttindi Hafnarfjarðar

Námur starfshópur, stefnumörkun varðandi námur í landi Hafnarfjarðarbæjar, úrdráttur. Hafnarfjórður 2009.

Samningur um réttindi fatlaðs fólks

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 – 2024

Landskipulagsstefna 2015 – 2026

Ferðapjónusta fyrir alla - Flokkunarviðmið fyrir aðgengi að áningar- og útivistarsvæðum á Íslandi

Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum

Heilsueflandi samfélag – vellíðan fyrir alla

Góðir staðir – leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða.

Umferðaröryggisáætlun Hafnarfjarðar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Aðalnámsskrá grunnskóla

Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014

Framkvæmd og eftirfylgni

Kafli 1: Auðlindir, náttúra og menningarminjar

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
1.1	Gerð verði sérstaklega grein fyrir þeim breytingum sem ætla má að verði á náttúru og umhverfi áður en ákvörðun er tekin um nýtingu auðlinda.			
1.2	Leitað verði leka úr vatnsveitukerfinu og gert við þar sem þarf.	Aðgerðaáætlun fyrir viðhald vatnslagna		
1.3	Niðurstöður allrar vöktunar sem snúa að Hafnarfirði verði gerðar sýnilegar og aðgengilegar.	Uppfærð vöktunaráætlun og nýtt svæði á heimasíðu		
1.4	Mótuð verði rannsóknarverkefni og kennsluefni sem tengist náttúru Hafnarfjarðar.	Betri þekking á umhverfi Hafnarfjarðar. Nýtt kennsluefni		
1.5	Verndun verði fylgt eftir með aukinni landvörslu og eftirliti í landi Hafnarfjarðar.	Fjölgun landvarðavikna		
1.6	Skilgreint verði hvaða tegundir teljast ágengar, með hvaða hætti þær ógna vistkerfum og menningarminjum, og hver þau vistkerfi og menningarminjar eru.	Áætlun um aðgerðir gegn ágengum tegundum		
1.1;1.5	Greind verði þau vistkerfi sem kunna að vera	Skýrsla um vistkerfi		

	í hættu eða kunna að hafa látið undan fyrir skipulagi og landnýtingu.	í hættu		
1.9	Sérstaklega skal horfa til nýtingar neysluvatns, þar sem hagsmunir Hafnarfjarðar fara ekki í öllu saman við hagsmuni annarra sveitarfélaga. Þar skulu fulltrúar Hafnarfjarðar horfa til hags og lífsgæða í bæjarfélaginu þegar leitað er lausna í samvinnu við aðra.			
	Unnið verði að umbótum í Hellisgerði, náttúruperlu í miðbæ Hafnarfjarðar, og ástand garðsins verði orðið til fyrirmyndar fyrir 100 ára afmæli hans árið 2023. Sett skal nauðsynlegt fjármagn í verkefnið, en aðgangur að fallegum almenningsgarði er mikilvægt umhverfismál fyrir bæjarbúa og gesti bæjarins.			

Kaflí 2: Mengunarvarnir og umhverfisvöktun

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
2.2	Götusópun og snjómokstur verði bætt til muna og í kjölfarið hvatt til minni notkunar nagladekkja.	Uppfærð vetrarþjónustuáætlun		

2.2;2.9	Bætt verði aðgengi að tölum um loftgæði.	Nýr vefur um loftgæði í Hafnarfirði		
2.1	Sveitarfélagið Hafnarfjörður kolefnisjafni, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis.	Árleg losunarskýrsla ásamt mótvægisáðgerðum		
2.4;2.9	Sveitarfélagið Hafnarfjörður skal bæta upplýsingagjöf um mengunarvöktun og umhverfismál.	Nýr vefur um umhverfismál og umhverfisvöktun		
2.8	Sveitarfélagið Hafnarfjörður kortleggi hugsanleg mengunarsvæði.	Skýrsla og kort með menguðum svæðum í Hafnarfirði		
2.5	Hljóðmengun í Hafnarfirði verði kortlögð og aðgerðir til úrbóta skipulagðar.	Skýrsla um hljóðmengun og aðgerðaáætlun		
2.6	Metið verði umfang ljósmengunar í Hafnarfirði og aðgerðir til úrbóta skipulagðar.	Skýrsla um ljósmengun og aðgerðaáætlun		

Kafli 3: Neysla og úrgangur

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
3.1;3.2	Stofnunum sveitarfélagsins verði betur gert kleift að flokka úrgang, með því að bærinn komi til móts við þær varðandi losun úrgangs.	Minna óflokkað sorp		

3.4	Mælingar skulu gerðar á matarsóun stofnana sveitarfélagsins.	Árleg skýrsla um úrgangsmál frá stofnunum bæjarins		
3.3	Hafnarfjarðarbær geri að reglu að flokkunartunnur séu aðgengilegar innan stofnana, utandyra og í almenningsrymum.			
3.6	Hafnarfjarðarbær notist ekki við einnota umbúðir innan stofnana sinna eða á viðburðum á vegum bæjarins.			
3.7	Leitað verði leiða til að Hafnarfjarðarbær verði plastpokalaust samfélag 2020.	Aðgerðaáætlun um plastpokalausan Hafnarfjörð		
3.7	Við jarðrask sé hugað að endurnýtingu mosa.			

Kafli 4: Samgöngur og skipulag

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
4.2	Ráðist skal í stefnumótun um hjólreiðar í sveitarfélaginu, sem skal lokið ekki síðar en vorið 2019.	Starfshópur skipaður til stefnumótunar		
4.7	Hafnarfjarðarbær endurskoði samgöngusamninga, þeir verði endurbættir verulega og aðlagðir fleiri samgönguháttum en eingöngu strætó.	Innleiðing samgöngusamninga		
4.8	Ráðist verði í að finna lausnir á			

	rafhleðslumálum sem víðast, við íbúðarhúsnæði, fyrirtæki og annars staðar. Hleðslustöðvum verði fjölgað.			
4.1	Aðgengi að almenningssamgöngum verði skipulagt með tilliti til vetrarþjónustu og biðskýlum fjölgað.			
4.1	Útfærsla og vegstæði Borgarlínu verði mótuð þannig að hún henti íbúum og fyrirtækjum Hafnarfjarðar sem best.			
4.1	Stefnt skal að auknum hlut almenningssamgangna, hjólréiðafólks og gangandi vegfarenda í samgöngukerfinu.	Lækkaður hámarkshraði, fækkun akreina og bílastæða, og tekin upp bílastæðagjöld, þar sem við á		
4.5	Átak skal gert í að gera miðbæ Hafnarfjarðar eftirsóknarverðari til útivistar og göngu með aðgengilegum hætti, s.s. með gróðri, skjóli og fallegum torgum og gönguleiðum.			
4.4	Horft verði til þess að bæta nýtingu mannauðs og mannvirkja í bænum með skynsamlegri þéttingu byggðar á völdum svæðum.			
4.5	Fegrin bæjarins fer fram með ýmsum hætti. Götur, torg, hús og ræktuð svæði séu skipulögð með ásýnd í huga, viðhaldi og			

	þrifum sé vel sinnt og íbúar og fyrirtæki séu hvött til góðrar umgengni.			
4.8	Hafnarfjarðarbær skal verða fyrirmynd annarra um að koma upp rafhleðslubúnaði og reiðhjólaaðstöðu við stofnanir bæjarins. Göngur og hlaup teljast til vistvænna samgangna og í stofnunum bæjarins skal gert ráð fyrir aðstöðu til að starfsfólk geti þvegið sér og haft fataskipti.			

Kafli 5: Umhverfisfræðsla

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
5.1	Upplýsingar varðandi loftmengun, sorp og fleira skulu gerðar aðgengilegar og skilmerkilegar.			
5.2	Umhverfisfræðsla verði efld fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar.			
5.4	Hafnarfjarðarbær skal efla úti-/grenndarkennslu í skólum bæjarins með áherslu á umhverfis- og náttúruskilning og -vernd.			
5.5	Miðlar Hafnarfjarðarbæjar skulu auka áherslu á umhverfis- og			

	náttúruverndarmálefni.			
--	------------------------	--	--	--

Kafli 6: Útivist og heilbrigður lífsstíll

Markmið	Aðgerð	Afurð	Kostnaður	Upphaf
6.1	Aðgengi og umhirða skal bætt á útivistarsvæðum bæjarins.			
6.10	Hafnarfjarðarbær ráðist í stefnumörkun og aðgerðaáætlun fyrir samgöngur við útivistarsvæði í landi Hafnarfjarðar.	Bættar samgöngur milli hverfa og við útivistarsvæði.		
6.4	Hafnarfjarðarbær skal finna farveg fyrir hugmyndir um óhefðbundið notagildi útivistarsvæða.	Verkefni unnið í samvinnu við Markaðsstofu Hafnarfjarðar, ÍTH eða aðra.		
6.12	Mótuð verði stefna um útivist og ferðaþjónustu í Hafnarfirði með náttúruvernd að leiðarljósi.			